

4. fundur 26. maí 2015.

Þriðjudaginn 26. maí 2015 kom stjórn og varastjórn saman til fundar á skrifstofu félaganna á 3. hæð Alþýðuhússins og hófst hann kl. 18,30.

Eiður Stefánsson formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Staðan í kjarasamningum.

Eiður fór yfir stöðuna í kjarasamningaviðræðunum og þær hugmyndir sem eru uppi á borðinu í dag.

2. Breytingar á Illugastöðum.

Eydís Bjarnadóttir starfsmaður félagsins kynnti þær breytingar sem gerðar voru á dögnum í bústöðum félagsins á Illugastöðum, en öll húsgögn voru endurnýjuð. Sýndi hún myndir af svæðinu og er almenn ánægja með breytingarnar.

3. Niðurstaða kosninga um verkfall.

Guðlaug Óskarsdóttir starfsmaður félagsins kynnti þátttöku og niðurstöðu kosninga félagsins um verkfallsboðun.

Halldór Óli Kjartansson varamaður í stjórn veitti aðstoð við aðkoma upplýsingum til félagmanna en kjösókn þótti, þrátt fyrir allt sem gert var, frekar dræm.

4. Sumarferð 2015

Einar Hjartarson og Halldór Óli Kjartansson, sem skipa ferðanefnd, voru komnir með hugmyndir að ferðatilhögun sumarferðarinnar þ.e. Hvammstangi, Hvítserkur, Blönduós og skoða ýmsa staði á þessum slóðum. Samþykkt að gefa þeim heimild til að halda áfram og kanna kostnað. Ferðin er áætluð 15. ágúst n.k.

5. Önnur mál.

Samþykkt að halda opna kynningarfundum á Akureyri og jafnvel víðar og fá annað hvort formann VR eða formann LÍV til að kynna væntanlega kjarasamninga sem vonandi líta dagsins ljós áður en langt líður.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Sign: Einar Hjartarson, Jón G. Rögnvaldsson, Sigríður St. Stefánsdóttir, Halldór Óli Kjartansson, Guðlaug María Óskarsdóttir, Anna Kristín Árnadóttir, Anna María Elíasdóttir, Agnes Reykdal, Eydís Bjarnadóttir. Kristín Þorgilsdóttir ritaði fundargerð.